

L Ö G

um lántökuheimild fyrir ríkissjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út ríkisskuldabréf allt að 600 millj. króna.

2. gr.

Heimilt er að verðtryggja þau skuldabréf, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

3. gr.

Skuldabréf þau, er gefin verða út samkvæmt lögum þessum, má ríkissjóður einungis selja Viðlagasjóði og skulu þau vera óframseljanleg. Lánsfé það, sem aflað er með sölu ríkisskuldabréfa þessara, skal lagt inn á sérstakan reikning ríkissjóðs við Seðlabankann vegna skuldbindinga Viðlagasjóðs.

4. gr.

Þeim, sem fengið hafa bætur eða rétt eiga til bóta úr Viðlagasjóði vegna íbúðarhúsnæðis, sem eyðilagðist eða varð óíbúðarhæft í Heimaeyjargosinu, en hyggjast koma sér upp íbúðarhúsnæði á ný í Vestmannaeyjum, gefst kostur á að láta bætur sínar standa inni á reikningum á vegum Viðlagasjóðs. Innstæður á reikningum þessum verða verðtryggðar á sama hátt og skuldabréf þau, sem gefin kunna að vera út skv. lögum þessum, og er það forsenda verðtryggingar, að innstæðum verði varið til eigin íbúðarhúsnæðis í Vestmannaeyjum. Innlánstími og önnur kjör skulu ákveðin af fjármálaráðherra að fenginni umsögn stjórnar Viðlagasjóðs og Seðlabankans.

5. gr.

Verðtryggðar innstæður á reikningum, sem stofnað verður til á vegum Viðlagasjóðs með mótvirði þeirra ríkisskuldabréfa, sem gefin kunna að verða út skv. lögum þessum, að meðtöldum vöxtum og verðbótum af þeim, skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 68/1971.

6. gr.

Skilyrði verðtryggingar skv. 4. og 5. gr. er, að óhafnar, en gjaldfallnar bætur verði færðar heint, skv. ávisan bótaþega, inn á verðtryggðan reikning hans, en þegar hafnar bætur skulu greiddar inn á verðtryggðan reikning fyrir 1. maí n. k., eigi þær einnig að falla undir verðtryggingarkjör.

7. gr.

Fjármálaráðherra ákveður að öðru leyti fyrirkomulag verðtrygginga, önnur kjör og tímalengd þeirra rikisskuldabréfa, sem út kunna að verða gefin skv. lögum þessum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. mars 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.